

Verkefnislýsing lokaverkefnis - fjarnám
LOVE3SR05 - Vorönn 2026
Verkmenntaskólinn á Akureyri

Almenn lýsing

Nemendur vinna lokaverkefni um viðfangsefni sem byggist á fræðilegri þekkingu á námssviði/sérgrein sinni. Verkefnið getur verið annaðhvort **heimildaritgerð**, **rannsóknarverkefni** eða af öðrum toga t.d. úttekt eða viðskiptaáætlun.

Nemendum er heimilt að vinna ein eða fleiri en eitt. Athugið að nemendur bera sjálfir ábyrgð á samstarfinu. Umfang verkefnis eykst að sama skapi með auknum fjölda í hóp.

Mikilvægar dagsetningar

Dagsetning Verkefni

Byrjun mars Heimildaskrá, mat á áreiðanleika heimilda og efnisgrind/rannsóknaráætlun skilað

7.apríl Fyrri skil (leiðsagnarskil)

27.apríl Lokaskil verkefnis

Vikur 19-20 Kynningar og vörn lokaverkefna

Almennar kröfur fyrir öll lokaverkefni

Val á viðfangsefni

- Nemandi velur sér umfjöllunarefni sem er innan áhugasviðs sem endurspeglar námsval viðkomandi við skólann.
- Nemandi setur fram rannsóknarspurningu og tilgátu/tilgátur sem leitast er við að svara í verkefninu.
- Verkefnið snýst um að svara þessari spurningu út frá nokkrum sjónarhornum.

Umfang verkefnis

- **Einstaklingsverkefni:** Að lágmarki 2.500 orð (fyrir utan forsiðu, heimildaskrá og fylgiskjöl)
- **Paraverkefni:** Að lágmarki 3.500 orð (fyrir utan forsiðu, heimildaskrá og fylgiskjöl)
- **Séu fleiri í hóp eykst orðafjöldi.**

Snið og uppsetning

- Nota skal Times New Roman, Arial eða Calibri letur í 12 punkta stærð
 - Línubil 1,5
 - Fylgja skal [APA staðlinum](#) við heimildaskráningu og uppsetningu
-

Kröfur um heimildir

Heimildaskráning

- Vísan þarf jafnóðum til heimilda og setja tilvísanir fram með viðeigandi hætti
- Halda þarf beinum tilvitnunum í algjöru lágmarki – einungis skal nota þær ef orðalag skiptir máli
- Nota skal APA kerfið (sjá leiðbeiningar á vef HÍ: <https://ritver.hi.is/is/apa/skraning-heimilda-apa> eða HR: <https://bokasafn.ru.is/friendly.php?s=apa>)
- **MIKILVÆGT:** Vinnið heimildaskráningu jafnóðum. Ekki geyma að setja inn tilvísanir og ekki setja bara inn linka.

Fjöldi heimilda (lágmark)

Gerð verkefnis	Fjöldi heimilda	Ritrýndar heimildir
Einstaklingsverkefni	Að minnsta kosti 8 gæða heimildir	Þar af þurfa 4 að vera ritrýndar
Paraverkefni/hópur	Að minnsta kosti 12 gæða heimildir	Þar af þurfa 6 að vera ritrýndar

Athugið:

- **Fyrsta val heimilda er alltaf ritrýnt**
- Gera þarf ráð fyrir að nýta ritrýndar heimildir á erlendu tungumáli

Mat á áreiðanleika heimilda

Þegar nemandi skilar verkefnum í lok febrúar verður að fylgja með vel ígrundað **mat á áreiðanleika heimilda** sem fylgiskjal. Einnig ræðum við saman um val ykkar á heimildum.

Gerðir lokaverkefna

1. Heimildaritgerð

Uppbygging:

- Ritgerðin skal hafa hefðbundna uppsetningu með 5 köflum:
 1. Inngangur
 2. Meginmálskafl 1
 3. Meginmálskafl 2
 4. Meginmálskafl 3
 5. Lokaorð
 6. Heimildaskrá

Skilaskjöl lok febrúar:

- Heimildaskrá
- Mat á áreiðanleika heimilda
- Efnisgrind

2. Rannsóknarverkefni

Nemandi getur valið á milli tveggja rannsóknaraðferða:

A) Meginleg rannsókn

- Nemandi býr til rannsóknaráætlun
- Spurningalistar verða að fylgja verkefni sem fylgiskjöl
- Niðurstöður rannsókna eru settar fram í hefðbundinni rannsóknarskýrslu í samræmi við kröfur viðkomandi fags (ákveðið í samráði við faglegan leiðbeinanda)

B) Eigindleg rannsókn

- Nemandi býr til rannsóknaráætlun
- Þemagreining verður að fylgja verkefni sem fylgiskjöl
- Niðurstöður rannsókna eru settar fram í hefðbundinni rannsóknarskýrslu í samræmi við kröfur viðkomandi fags (ákveðið í samráði við faglegan leiðbeinanda)

Skilaskjöl lok febrúar:

- Heimildaskrá
- Mat á áreiðanleika heimilda
- Rannsóknaráætlun með rannsóknarspurningu og tilgátum

3. Séu aðrar tegundir verkefna valdar þá er eftirfarandi skilað:

- Heimildaskrá
- Mat á áreiðanleika og gæðum heimilda
- Áætlun um skipulag verkefnis

Frágangsattriði

- Vanda skal alla uppbyggingu textans
- Hafa í huga þær kröfur sem gerðar eru um skrifleg verkefni og rannsóknarskýrslur
- Sjá upplýsingar á vef bókasafnsins, vefjum HÍ og HR
- Nánari upplýsingar um frágang er að finna á vef áfangans á Moodle

Námsmat og vægi

Matsþáttur	Lýsing	Vægi
Heimildaskrá og mat á heimildum	Metið með samtali við nemanda, rök fyrir vali á heimildum og þekking hans á innihaldi þeirra	20%
Vinnulag	Vinnulag nemanda yfir önnina. Nemendur skila dagbók vinnulags og yfirliti yfir t.d. nýtingu gervigreindar	20%
Lokaverkefni	Heildarmat á lokaverkefni (efnisgrind/rannsóknaráætlun + lokaverkefni)	30%
Kynning, vörn og þátttaka	Nemendur kynna og verja lokaverkefni sín. Samnemendur taka þátt í mati verkefna hvers annars. Vinna veggspjalds fellur einnig undir þennan matsþátt	30%
SAMTALS		100%

Mikilvægar athugasemdir

Leiðbeinendur

- Nemendur velja sér leiðbeinanda með lokaverkefni sínu í samráði við umsjónarkennara í upphafi annar. Þetta þarf að gerast sem fyrst.
- Allir nemendur þurfa að funda að minnsta kosti einu sinni með leiðsagnarkennara.
- Allir nemendur þurfa að eiga fund með forstöðumanni bókasafns einu sinni í fyrstu lotu.
- Geta skal um þessa fundi í vinnudagbók (20%).

Kynningar

- Lokaútgáfa lokaverkefnis er **ekki metin** ef nemandi kynnir hvorki né tekur þátt í mati á verkefnum samnemenda.
- Nemendur kynna verkefni sín á TEAMS fundi rafrænt undir lok annar.
 - Nemendur þurfa einnig að „verja“ verkefnin sín, það þýðir að þeir eru spurðir efnislega út úr verkefninu sínu.
 - Einnig munu þið skiptast á verkefnum, fara yfir þau hjá hvert öðru og rýna.
- Hlutkesti er varpað fyrir röð kynninga.

Lokaverkefnisdagur

- Nemendur vinna kynningarplagat (poster) sem verður til sýnis á Lokaverkefnisdag hér í VMA.

Leiðsagnarmat

- Í áfanganum er leiðsagnarmat og mun umsjónarkennari og leiðsagnarkennari fara reglulega yfir verkefni nemenda og veita þeim aðhald
- **Nemendur bera sjálfir ábyrgð á námi sínu** og þurfa að standa skil á verkefnum sínum á tíma og vinna jafnt og þétt!

Áhersla

Lögð er áhersla á **sjálfstæði, ábyrgð og samvirkusemi** nemenda.

Allir námsmatskvarðar matsþátta verkefni liggja fyrir á vef áfangans á Moodle.